

Nd.

204. Frumvarp til laga

[159. mál]

um rétt manna til að kalla sig iðnfræðinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

1. gr.

Rétt til að kalla sig iðnfræðinga eða nota heiti sem felur í sér orðið iðnfræðingur hafa þeir einir hér á landi sem lokið hafa fullnaðarprófi í iðnfræði frá Tækniskóla Íslands eða hafa fengið til þess leyfi ráðherra.

Engum má veita leyfi það sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar nema hann hafi lokið sambærilegu námi og iðnfræðingar frá Tækniskóla Íslands.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. þessarar greinar má veita mönnum sem starfað hafa sem iðnfræðingar eigi skemur en sex ár leyfi til þess að kalla sig iðnfræðinga, enda þótt þeir fullnægi eigi prófskilyrðum þeim sem þar greinir.

2. gr.

Áður en leyfi skv. 1. gr. er veitt skal leita álits Iðnfræðingafélags Íslands.

Réttur til að kalla sig iðnfræðing skv. 1. og 2. mgr. 1. gr. gildir frá þeim tíma er iðnfræðingur lauk fullnaðarprófi í grein sinni.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að kr. 5 000,00. Sektirnar renna í ríkissjóð. Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

4. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram að ósk Iðnfræðingafélags Íslands um lögvernd starfsheitisins iðnfræðingur. Gert er ráð fyrir því að vernd starfsheitisins geti gilt bæði um þá sem lokið hafa námi frá Tækniskóla Íslands og sambærilegu námi erlendis.

Iðnfræðingar frá Tækniskóla Íslands eru þeir sem, auk sveinsprófs í löggiltri iðngrein, hafa lokið 2½ árs námi í raftækni, véltækni eða byggingatækni.

Heitið „iðnfræðingur“ var upphaflega lögverndað með lögum nr. 24/1937 um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga. Lögvernd þess féll hins vegar niður með lögum nr. 44/1963, er starfsheitið „tæknifræðingur“ kom í staðinn. Með lögum nr. 73/1968 var síðan lögverndað heitið „byggingafræðingur“, en það skyldi ná til þeirra sem áður nefndust iðnfræðingar og lokið höfðu byggingafræðinámi.

Þar sem heitið „iðnfræðingur“ er ekki lengur lögverndað starfsheiti ákvað Iðntæknafélag Íslands í október 1980 að fella niður starfsheitið „iðntæknir“ og taka þess í stað upp starfsheitið „iðnfræðingur“ fyrir félagsmenn sína. Hefur félagið nú óskað eftir lögvernd á því heiti. Leitað hefur verið til Tæknifræðingafélags Íslands og Byggingafræðingafélags Íslands og hafa félögin ekki hreyft andmælum við notkun iðnfræðinga á starfsheitinu.

Með frumvarpi þessu er lagt til að iðnfræðingar sem uppfylla menntunarskilyrði laganna, hafi einir rétt til að nota starfsheitið iðnfræðingur.

Iðnfræðinám erlendis er að sjálfstöðu mjög misjafnt og er tilgangur þessa frumvarps að tryggja að starfsheitið iðnfræðingur verði ekki notað af öðrum en þeim sem uppfylla viss lágmarksskilyrði hvað varðar menntun.

Engin sérréttindi til ákveðinna starfa felast í lögvernd starfsheitisins.

Lögvernduðum starfsheitum hefur farið fjölgandi héraðs á síðustu árum. Ýmist er um það að ræða að sækja þurfi um leyfi ráðherra eða starfsheitin hljóti sjálfkrafa vernd eftir tiltekið nám. Af dæmum um hið fyrrnefnda má nefna lögvernd heitanna: læknir sbr. lög nr. 47/1932, ljósmóðir frá öðrum skóla en Ljósmæðraskóla Íslands sbr. lög nr. 17/1933, verkfræðingur og arkitekt sbr. lög nr. 24/1937, sjúkráþjálfari sbr. lög nr. 31/1962, lyfjafræðingur sbr. lög nr. 31/1963, tæknifræðingur sbr. lög nr. 44/1963, byggingafræðingur sbr. lög nr. 73/1968, hjúkrunarkona og hjúkrunarmaður sbr. lög nr. 8/1974, félagsráðgjafi sbr. lög nr. 41/1975, sálfræðingur sbr. lög nr. 40/1976, iðjuþjálfari sbr. lög nr. 75/1977, þroskaþjálfari sbr. lög nr. 18/1978, meinataæknir sbr. lög nr. 99/1980, viðskiptafræðingur og hagfræðingur frá öðrum skóla en Háskóla Íslands sbr. lög nr. 27/1981. Af dæmum um starfsheiti sem hljóta sjálfkrafa vernd má nefna: starfsheiti handiðnaðarmanna sbr. lög nr. 42/1978, ljósmæður frá Ljósmæðraskóla Íslands sbr. lög nr. 17/1933, viðskiptafræðingar og hagfræðingar frá Háskóla Íslands sbr. lög nr. 27/1981 og vélfræðingar sbr. lög nr. 6/1981.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um skilyrði þess, að nota megi starfsheitið iðnfræðingur, þ. e. fullnaðarpróf í iðnfræði frá Tækniskóla Íslands eða leyfi ráðherra.

Í 2. mgr. koma fram skilyrði þess, að veita megi leyfi skv. 1. mgr., þ. e. að umsækjandi hafi lokið sambærilegu námi og iðnfræðingar frá Tækniskóla Íslands.

Með 3. mgr. er lagt til að þeir sem starfað hafa sem iðnfræðingar í sex ár eða lengur eigi þess kost að öðlast leyfi til að nota það starfsheiti án þess að uppfylla prófskilyrði 2. mgr.

Um 2. gr.

Kveðið er á um að leita skuli álits Iðnfræðingafélags Íslands áður en leyfi skv. 1. gr. er veitt, enda oft matsatriði hvort nám erlendis uppfylli skilyrði laganna.

Í 2. mgr. segir að réttur til að kalla sig iðnfræðing, skv. 1. gr. gildi frá þeim tíma er leyfishafi lauk fullnaðarprófi í greininni. Er þessu ákvæði ætlað að tryggja, að iðnfræðingar geti óhindrað notað starfsheiti sitt frá próftöku þar til leyfi er gefið út.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.